

Fundargerð

Ársfundur Landsaðgangs 14. mars 2008

Ársfundur Landsaðgangs 2008

Fundarstaður: Fyrirlestrasalur Þjóðarbókhöllu

Fundartími: 15.00 -16.20

Viðstaddir: Sjá lista á síðu 3

Fundarstjóri: Guðrún Pálsdóttir

Fundarritari: Sveinn Ólafsson

Dagsetning: 14. mars 2008

Tilvísun: 200802-0005 / 14.50.0 Almennt

2. ársfundur Landsaðgangs var haldinn miðvikudaginn 14. mars, kl. 15.00 í fyrirlestrasal Þjóðarbókhöllu. Guðrún Pálsdóttir var skipuð fundarstjóri og Sveinn Ólafsson ritaði fundargerð. Fundurinn fjallaði um:

1. Fundargerð síðasta ársfundar.

Fundargerð ársfundar 2007 var send til þeirra sem sátu fundinn og sett á hvar.is til kynningar. Hún var samþykkt.

2. Starf stjórnarnefndar.

Ingibjörg Sverrisdóttir sagði frá helstu áföngum í starfi landsaðgangsins og stjórnarnefndar hans 2007. Nýr þjónustusamningur milli Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og menntamálaráðuneytis um rekstur landsaðgangs var undirritaður 28. desember 2006. Samkvæmt honum var haldinn fyrsti ársfundur aðgangsins 14. mars 2007 og stjórnarnefnd skipuð þar. Hún tók við af innkaupanefnd landsaðgangs sem var kvödd daginn áður og henni þökkðu góð störf. Að verkefninu störfuðu fimm starfsmenn Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns í því sem svarar til tveggja fullra starfa. Í janúar 2007 voru teknar upp áskriftir að Ebsco Host-söfnum og Sage Premier.

3. Ársskýrsla landssamninga 2007.

Sveinn Ólafsson kynnti ársskýrslu landsaðgangs fyrir árið 2007. Fram kom að nokkuð röskur vöxtur varð á notkun á því ári, eða um 17,5%. Hann fór yfir framkvæmd aðgangsins, gagnasöfn og tímaritasöfn í aðgangi, stöðu samninga, þjónustu og kynningarstarf. Hann fjallaði um málþing sem haldið var 15. október í tilefni af því að 10 ár voru liðin frá því að fundur var haldinn um rafræn gagnasöfn haustið 1997 sem markaði byrjun þessa aðgangs. Hann fjallaði einnig um kynningarfund verkefnisstjórnar SFX til að kynna þá þjónustu 13. nóvember. Hann fór yfir heimsóknir útgefenda og birgja til landsins á árinu. Sveinn benti á að auk ársskýrslu væru miklar upplýsingar um notkun, greiðendur og aðra þætti rekstrar á hvar.is.

4. Ársreikningar landsaðgangs 2007.

Edda G. Björgvinsdóttir kynnti rekstrarreikning landsaðgangs fyrir 2007. Annars vegar gerði hún grein fyrir heildargreiðslum og heildartekjum landsaðgangsins, sem var skilað með halla upp á rúmlega 6 milljónir sem Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafns hefur staðið straum af. Hins vegar gerði hún sérstaklega grein fyrir ráðstöfun þeirra 31,2 milljóna sem runnu til landsaðgangsins samkvæmt fjárlögum. Af þeirri upphæð runnu tæplega 10 milljónir til rekstrar landsaðgangsins, þar með talda

launagreiðslna. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn færir ekki aðstöðu eins og skrifstofur, tölvubúnað og fundaaðstöðu til greiðslu undir þeim lið. 16,2 milljónir runnu til áskrifta að tímaritum og rúmar 5 milljónir til áskrifta að gagnasöfnum.

5. Greiðsluskipting og gerð greiðslulíkana.

Sveinn gerði grein fyrir hækkun sem verður á greiðslum til landsaðgangsins og hvað liggur að baki þeirri hækkun. Hækkunin er fyrst og fremst vegna safna sem bættust við á síðasta ári, Ebsco og Sage, vegna gengisbreytinga og vegna hækkana á áskrift þeirra gagnasafna sem eru þegar í áskrift, en þau stækka að innihaldi á hverju ári.

Hann fór yfir skiptingu greiðslna vegna rafrænna tímarita innan einstakra greiðsluhópa. Hann sagði að þar vantaði upp á svo að endar næðu saman. Þegar búið er að greiða af beinu tillagi hins opinbera hafa háskóla-, heilbrigðis- og rannsóknabókasöfn greitt 85% af því sem upp á vantar. Aðrir aðilar eiga að greiða 15% samkvæmt líkani en hafa í raun greitt samtals um 5%. Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn hefur greitt það sem þarna ber á milli.

Gróa Finnsdóttir spurði um forsendur fyrir skiptingu greiðslna. Sveinn sagði að ólíkar forsendur eru notaðar til skiptingar innan hvers hóps en að heildarlíkanið væri í tveimur þrepum. Fyrst kæmi stjórnarnefnd sér saman um skiptingu milli hópanna. Síðan væru hóparnir hver fyrir sig með ólíkar forsendur fyrir skiptingu innan þeirra. Eydís Arnviðardóttir ræddi hækkun sem þarna er orðin og taldi að hún yrði þungur biti fyrir bókasöfnin sem greiða til aðgangsins. Sveinn tók undir þau orð. Þorsteinn Hallgrímsson ræddi nauðsyn þess að auka greiðslur til aðgangsins þar sem vantað hefur upp á greiðslur og kallaði eftir endurskoðun greiðslulíkansins.

Kristín Indriðadóttir sagði að greiðslur væru verulega erfiðar fyrir litlu aðilana sem greiða til aðgangsins. Hún spurði hvort ekki væri hægt að fækka tímaritaáskriftum og velja innan úr pökkunum í stað þess að kaupa heildarpakkana. Sveinn svaraði því til að þetta hefði verið skoðað fyrir nokkrum árum. Þá hefði komið í ljós að til að ná einhverjum sparnaði hefði þurft að skera af mikinn hluta áskrifta. Þannig hefði þurft að taka af yfir helming áskrifta til að ná 10% lægri greiðslum. Sólveig Þorsteinsdóttir sagði að þetta hefði verið skoðað á Norðurlöndunum og það hefði komið í ljós að sparnaðurinn yrði lítill sem enginn, enda réðu útgefendur og gagnasalar miklu um það verð sem er í boði.

6. Samningar við greiðendur.

Ingibjörg sagði frá drögum að samningum við greiðendur og hvaða breytingar hefðu orðið á þeim á árinu. Endurskoðun greiðslulíkansins er forsenda fyrir samningagerð en ef vel gengi að endurskoða það væri hægt að ganga til þeirra samninga síðar á þessu ári.

7. Önnur mál.

Engin önnur mál voru borin upp.

Fundi slitið 16.20.

Fundargerð ritaði Sveinn Ólafsson.

Fundargestir:

Andrea Jóhannsdóttir	Háskólinn á Bifröst
Anna Torfadóttir	Borgarbókasafn
Áslaug Agnarsdóttir	Lbs - Hbs
Birna K. Gísladóttir	Umhverfisráðuneyti
Eiríkur Þorláksson	Menntamálaráðuneyti
Eydís Arnviðardóttir	Matís
Gróa Finnsdóttir	Þjóðminjasafn
Guðrún Pálsdóttir	Veðurstofa Íslands
Guðrún Tryggvadóttir	Háskólinn í Reykjavík
Halldóra Kristbergisdóttir	Fjármálaráðuneyti
Helga Lilja Bergmann	Hafró - Sjávarútvegsbókasafnið
Inga G. Aradóttir	Umhverfisstofnun
Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir	Lbs - Hbs
Kristín Aðalsteinsdóttir	Umhverfisstofnun
Kristín Bragadóttir	Lbs - Hbs
Kristín Indriðadóttir	KHÍ
Pálína Héðinsdóttir	Heilbrigðisráðuneyti
Sigrún Hauksdóttir	Landskerfi bókasafna
Sigurður Hafsteinsson	HÍ
Sigríður Lára Guðmundsdóttir	Lbs - Hbs
Sólveig Þorsteinsdóttir	Landspítali - háskólasjúkrahús
Steinunn Ingólfssdóttir	Landbúnaðarháskóli Íslands
Sveinbjörg Sveinsdóttir	Landskerfi bókasafna
Sveinn Ólafsson	Lbs - Hbs
Valborg Stefánsdóttir	Seðlabanki Íslands
Þorsteinn Hallgrímsson	Lbs - Hbs